

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Kratus ehf Hvalfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	26.6.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Einar Halldórsson
<b>Fyrirtæki</b>	Kratus ehf	<b>Eftirlitsmaður</b>	Svava Pétursdóttir/Hlín
<b>Heimili</b>	Klafastaðavegi 4	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	4307002270	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Brynja Silness	<b>ÍSAT nr.</b>	3832
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	64,355088 -21,788370

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubundna eftirlit ársins hjá Al Álvinnslu (áður Kratus). Ekkert frávik kom fram frá starfsleyfi en tveim ábendingum er komið á framfæri.

## UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var eftirlitið á fundi. Farið var yfir stöðu fráviks:

Frávik frá grein 3.1 – Mæling á PCDD/PCDF. Mæling og greining fór fram fyrr á árinu og telst því frávik lokið.

Frávik frá grein 2.14 – Fínryk. Allt fínryk er farið úr landi og telst því frávik lokið.

Frávik frá grein 2.15 – Síuryk. Frestur er til 15. ágúst að flytja út uppsafnaðar birgðir af síuryki en skv. rekstraraðila er reiknað með að samningar náist við móttökuaðila fyrir þann tíma en að ekki verði búið að flytja allt efnið. Stofnunin óskar eftir uppfærðri áætlun.

Frestur var gefinn til að setja upp nýjan hreinsibúnað fyrir 15. ágúst en skv. rekstraraðila verður ekki mögulegt að klára uppsetningu fyrir þann tíma þar sem staðsetning búnaðarins í suðurhluta verksmiðjunnar er ekki möguleg. Unnið er að nýrri hönnun og útfærslu. Stofnunin óskar eftir uppfærðri áætlun.

Einnig var frestur gefinn til 15. ágúst hvað varðar frágang á lóð en byrjað er að grafa skurð sem síðan verður steipt fyrir og sett upp girðingu, reiknað er með að tímaáætlun haldist. Uppsetning á nýrri fellihurð er lokið.

Útblástursmælingar hafa tafist vegna mikilla anna hjá mælingaraðilum héraendis skv. rekstraraðila. Stofnunin hafði áður óskað eftir áætlun um notkun kalksteins en skv. rekstraraðila er sú lausn ekki þörf lengur þar sem um var að ræða of mikla raflausn þegar útblástursmæling fór fram sem sýndi háan styrk klórs. Rekstraraðili fái þá algjall betur flokkað núna vegna nýrra ferla sem teknir hafa verið upp. Rekstraraðili mun senda stofnuninni erindi hvað þetta varðar.

Rætt var um fráveitumál frá svæðinu en skv. rekstraraðila fer ekkert vatn frá verksmiðjuhúsinu sjálfu en það á eftir að tengja kerfið eftir framkvæmdir. Eina fráveitan sem fer frá verksmiðjunni er frá gám með vask- og salernisaðstöðu. Rætt var um mælingar og kom eftirlitsaðili því á framfæri að huga þyrfti að uppfærslu á innri mæliáætlun.

Að loknum fundi var farið í vettvangsferð inn í verksmiðjuna og umhverfis hana. Skráningar voru skoðaðar en prenta þarf út nýjar mælingar og nýja mæliáætlun.

Frávik frá

Lýsing á frávikum


## ATHUGASEMDIR

Rekstraraðili var minntur á að skila áfangaskýrslu um útflutning saltköku fyrir 30. júlí.

Prenta þarf út uppfærð skjöl í skráningarmöppu.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 24.08.2018



Einar Halldórsson